



1547. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
8.5.2013, kl. 11:30

Frímann Ari Ferdinandsson

1. Fundargerð 1546. fundar

Samþykkt.

2. Skýrsla um RIG

Kjartan kom inn á fundinn og kynnti. Umræður um breyttar forsendur samhliða því sem viðburðurinn hefur stækkað og í því sambandi aukna aðkomu sérsambanda, kostnað þeirra sem koma að framkvæmd o.fl. Ákveðið að halda sameiginlegan fund stjórnar ÍBR og framkvæmdaráðs RIG.

3. Erindi ÍSÍ vegna skattamála

Var sent til að fylgja eftir erindi Ríkisskattstjóra um skattskyldu íþróttafélaga og vettvangsathugun sem embættið mun fara í á næstu mánuðum. Rætt um hvort og þá hvernig ÍBR geti fylgt erindinu eftir gagnvart sínum aðildarfélögum.

4. UMFÍ

Fulltrúar íþróttabandalaga hittust fyrir þing ÍSÍ og ræddu málin. Stjórn ÍBR samþykkir að íþróttabandalögin sækji sameiginlega um aðild að UMFÍ.

5. Landsmót UMFÍ 2013

Rætt um þátttöku ÍBR. Frímann mun senda erindi og kanna áhuga á þátttöku á meðal aðildarfélaga. Mun einnig senda á stjórn upplýsingar um aðkomu ÍBR að síðustu landsmótum.

6. Brú yfir Fossvog

Umræður. Ingvar mun tala við Evu og framhaldið metið út frá því.

7. Þing DSÍ

Verður 15. maí. Gígja verður fulltrúi ÍBR.

8. Fundaáætlun

Samþykkt.

9. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt, fundi slitið um kl. 12:50.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari